

# Starfsleyfi

## Rafpólering ehf.

Kt.: 420204 - 0930

Leyfi til að starfrækja:

Yfirborðsmeðhöndlun á ryðfríu stáli

Aðsetur starfseminnar:

Stapahraun 3, Hafnarfjörður

Heilbrigðisnefnd veitir leyfi samkvæmt ákvæðum gr. 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

### Leyfið gildir frá 30. mars 2022 til 29. mars 2034

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt.

#### Gildissvið

Leyfið tekur til móttöku á málmlutum og forvinnslu og rafpólering á þeim að Stapahrauni 3 í Hafnarfirði sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. og lið 1.7. um meðferð og húðun málma í X. viðauka við sömu reglugerð.

#### Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 er fjallar um húsnæði og lóðir.
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifnað lóðar.
- Auglýsing nr. 582/2000 um almenn skilyrði vegna mengunarvara.

#### Sértækar kröfur vegna mengunarvara

- Ásýnd lóðar og lóðarmörk.*
  - Halda skal vinnusvæðum, húsum, húsnæði, tækjabúnaði og umhverfi snyrtilegu.
  - Tryggt skal að nýting lóðar sé í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
  - Tryggt skal að úrgangur safnist ekki fyrir heldur sé honum komið í viðeigandi förgun.
- Starfshættir og mengunarvarnir.*
  - Mengunarvarnir vegna fráveitu.
    - Fari sýra niður skal henni dælt í kör en ekki í fráveitukerfið.
    - Takmarka skal eins og kostur er vatnsnotkun til hreinsunar á gólfí í vinnslusal, til að draga úr mengun í frárennslisvatni.
  - Meðhöndlun sýrubaða og botnfalla.
    - Þungmálmamengaðri sýru skal farga hjá viðurkenndum móttökuaðilum fyrir efnaúrgang.

- b. Óski fyrirtækið eftir að endurhæfa málmríkar sýru- eða basalausnir ber fyrirtækini að sækja sérstaklega um heimild til þess enda verði þá beitt aðferðum bestu aðgengilegrar tækni.

c. Botnfellingar sem innihalda þungmálma, s.s. úr sýrukari skal skila til viðurkenndra móttökuaðila fyrir efnaúrgang.

2.3 Útblástur.

  - Loftræstingu frá vinnslurými skal þannig hattat að hún valdi ekki fólk í nærliggjandi húsakynnum og vegfarendum óþægindum eða heilsufarslegri áhættu vegna lyktar, mengunar eða hávaða.
  - Tryggja skal góða loftræstingu umhverfis sýru- og flussböð. Afsog frá sýrubaði skal hreinsa í viðeigandi hreinsibúnaði (s.s. með vatnshreinsun eða dropaskilju).

2.4 Efnisval, meðferð efna og úrgangsmál

  - Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd, þ.m.t. sýrur, flusssölt og basa vegna hlutleysingu sýrubaðs á öruggan hátt og í samræmi við fyrirmæli Vinnueftirlitsríkisins.
  - Hættulegum efnaúrgangi skal safnað í lokuð ílát og hann tryggilega varðveittur þar til honum er skilað til viðurkennds flutningsaðila eða móttökustöðvar.
  - Þegar fyrirtækið afhendir hættulegan efnaúrgang til endurvinnslustöðva, móttökustöðva eða flutningsaðila skal fyrirtækið halda eftir kvittun fyrir afhendingu þar sem fram kemur magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Kvitanir þessar skulu geymdar í a.m.k. 4 ár og vera tiltækjar eftirliti.
  - Þungmálmamengaðri sýru skal farga hjá viðurkenndum móttökuaðilum fyrir efnaúrgang (sjá lið 2.2 a). Önnur losun er óheimil.

2.5 Vöktun á búnaði

  - Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

3. *Eigið eftirlit*

3.1 Fyrirtækið skal halda skrá yfir;

  - Magn og gerð hættulegs efnaúrgangs (sbr. liði; 2.4 d) sem skilað hefur verið til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
  - Magn og gerð efnaúrgangs sem skilað er til endurvinnslu.
  - Tæmingar og reglubundið eftirlit með síubúnaði.
  - Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á vélum, óhöpp eða slys.

4. *Ýmiss ákvæði*

4.1 Tilkynna skal útgefanda starfsleyfis ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður og sama gildir ef eigendaskipti verða. Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

4.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

4.3 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi og skulu eintök af skilyrðunum ávallt tiltæk á vinnustað.

4.4 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gild um hann viðeigandi starfsleyfisskilvróði.

\*\*\*\*\*

*Eftirlit*

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tæknir er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjörðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness



\*\*\*\*\*